


Frjómælingar á Akureyri og í Reykjavík í ágúst 2009

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 10. september 2009.

Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna í ágústmánuði á Akureyri reyndist undir meðallagi eða 521 frjó í rúmmetra lofts (meðaltalið er um 820 frjó í rúmmetra). Þetta er þriðji lægsti ágústmánuður frá því mælingar hófust 1998. Eins og endranær voru grasfrjó algengust (474). Frjótala grasa hélst undir meðallagi þar til í vikunni eftir Verslunarmannahelgi að grasfrjóum fjölgaði. Frjótalan varð hæst 95 þann 7. ágúst (sjá myndrit). Grasfrjó mældust aftur yfir meðallagi 23. og 26. ágúst. Rafmagnsleysi olli því að ekkert sog var á frjógildrunni í nokkra daga í lok ágúst. Engin frjókorn, hvorki grasfrjó né frjókorn annarra plöntutegunda, mældust þá daga en þar sem kalt var og hráslagalegt þessa daga er ekki víst að áhrifin á heildarfrjótöluna séu mikil. Frjókorn höfðu verið nær samfellt í lofti á Akureyri í 114 daga eða frá 6. maí þegar rafmagnið var slegið út.


Í heild reyndust frjókorn annarra tegunda en grasa í tæpu meðallagi í ágúst en frjótala þeirra varð samt aldrei hærri en 2 (það voru netlufsrjó). Ekki er gott að segja til um framhaldið samt verður að teljast harla ólíklegt að frjótölur verði háar úr þessu. Fólk með ofnæmi fyrir grasfrjóum getur því vonandi andað léttar.



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu (línan). Hæsta frjótala sumarsins hjá grösum reyndist **95** þann 7. ágúst. Frjótala er mælieining fyrir magn frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.



Reykjavík. Heildarfrjöldi frjókorna í ágúst reyndist sá fjórði minnsti á 22 árum, tæplega 540 frjó í rúmmetra (meðaltalið er rúmlega 1000 frjó í rúmmetra lofts). Grasfrjó voru algengust eins og alltaf í ágúst, eða rétt rúmlega 400. Frjótala grasa náði 142 þann 3. ágúst. Hún var há næstu þrjá daga og 11. og 20. ágúst fór hún yfir 10 en hélst lág eftir það. 22. ágúst kom fyrsti dagur sumarsins sem ekkert grasfrjó mældist og 26. mældust engin frjó yfirhöfuð (sjá myndrit). Það má því segja að kominn sé haustsvipur á frjótölur í Reykjavík.



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu í ágúst. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í **142** þann 3. ágúst. Frjótala er mælieining fyrir magn frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.

Frjótölur annara frjógerða reyndust lágar, en mest bar á beitylungrjóum, fíflafrjóum og frjókornum af rósaætt. Þegar grasfrjó hætta að mælast hvern dag í vikutíma þá má segja að frjótímanum sé lokið. Engin grasfrjó mældust 22. og 26. ágúst. Samkvæmt skilgreiningunni þá lauk frjótíma grasa í Reykjavík 21. ágúst í ár.

Algengast er að lítið sé um frjókorn í september, helst þó að grasfrjó mælist en þá yfirleitt í litlu magni eða innan við 10 frjókorn í rúmmetra lofts á sólarhring og fæstir finna fyrir því. Komi langir þurrviðris- og hlýindakaflar getur frjódreifing farið af stað á ný, fyrirbæri sem einkum er þekkt úr frjómælingum fyrir norðan.

Þetta er síðasta fréttatilkynning sumarsins um frjómælingar sem standa út september. Yfirlit um mælingarnar sumarið 2009 ásamt myndritum munu birtast á vef Náttúrufræðistofnunar í nóvember þegar uppgjör og samanburður við fyrri ár liggur fyrir.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Reykjavík 10. september 2009

Margrét Hallsdóttir

Netfang mh@ni.is

